



**NÝ-
SKÖPUN**
ALLS STAÐAR

IÐNÞING 2011

Aðalfundur Samtaka iðnaðarins verður haldinn 10. mars á Grand Hóтели Reykjavík og hefst klukkan 9.30. Að loknum hádegisverði er opin dagskrá sem stendur frá klukkan 13.00 en Iðnþingi lýkur kl. 16.00.

Helgi Magnússon formaður SI og iðnaðarráðherra **Katrín Júlíusdóttir** flytja ávörp. **Andri Þór Guðmundsson**, forstjóri Ölgerðar Egils Skallagrímssonar, **Guðrún Högnadóttir**, Opna háskólanum - HR, **Tatjana Latinovic**, Össuri, **Jón Ágúst Þorsteinsson**, Marorku og **Orri Hauksson**, SI, flytja erindi. Fundarstjóri er **Aðalheiður Héðinsdóttir**.

Á þinginu verður fjallað um nýsköpun á breiðum grunni miðað við þarfir og þjónustu atvinnulífs annars vegar og menntakerfisins hins vegar.

Meðal umfjöllunarefna er nýsköpun í rótgrónum iðnfyrirtækjum, hvað þurfi til að síkvik þróun eigi sér stað í greinum sem hafa verið við lýði um langa hríð. Þá verður fjallað um þjónustu menntakerfisins við atvinnulíf, hvernig menntastofnanir þurfa að laga sig hratt þeim breytingum sem orðið hafa í efnahagskerfinu á skömmum tíma.

Þá verður einnig rætt hvernig lokamenntun starfsmanna fer best fram inni í fyrirtækjunum sjálfum og hvernig fólk, sem er brautskráð í tilteknum greinum, er ráðið inn í fyrirtækin og öðlast þar sérhæfða færni og þekkingu.

Þá verður ytra umhverfi nýsköpunar í atvinnulífinu gerð skil, ekki síst sárum skorti á stefnumörkun í peningamálum hér á landi út þennan áratug.

Menntadagur iðnaðarins 2011

Á Menntadegi iðnaðarins, sem nýlega var haldinn á Grand Hóтели Reykjavík var fjallað um nýsköpun og menntun. Fundargestir voru um 100 talsins bæði úr skólakerfi og atvinnulífi.

Í þeim níu erindum, sem flutt voru, var meðal annars varpað fram spurningum á borð við: Hvernig má bæta árangur menntakerfisins? Hvaða gæðum viljum við að menntakerfið skili? Hvernig má nýta betur aðföng menntakerfisins, þar með talið fjármagn?

Þá voru gefin fjögur raundæmi um gefandi samstarf fyrirtækja, skóla og stofnana.

Framhald á bls. 5



bls. 2


Stoppum í menntagatið

bls. 3



Í framboði til stjórnar SI

bls. 4



Lífseig en röng söguskýring

bls. 7



Verðlaunahátíð iðnaðarmannafélagsins

bls. 8



Orf Líftækni 10 ára

Stoppum í menntagatið



Orri Hauksson
framkvæmdastjóri SI

Einstakt er hve margir eru nú án vinnu hér á landi. Viðvarandi fjöldi á atvinnuleysissskrá sveiflast kringum 14 þúsund manns. Margir eiga tímabundna vist á þeirri skrá en sumir eru þar um langa hríð. Hlutfall atvinnulausra undir 26 ára aldri er sláandi hátt á þeim lista.

Samhliða hinum mikla atvinnuskorti þessi misserin, vill svo skringilega til að á hér á landi er skortur á ýmsu sérhæfðu starfsfólki. Sum fyrirtæki þurfa beinlínis að velja milli þess að láta tiltekna þætti starfsemi sinnar fara fram erlendis eða ráðast í það kostnaðar- og tafsama verkefni að ráða fólk erlendis frá til slíkra starfa hér á landi. Þriðji kostur er hreinlega að ráða ekki fólk í tiltekna stöður. Öllum þessum kostum er það sameiginlegt að vinnufúsar Íslenskar hendur finna kröftum sínum ekki viðnám. Jafnframt er ljóst að umhverfi af þessum toga flækir framþróun fyrirtækjanna á Íslandi.

Samtök iðnaðarins létu nýlega kanna mannaflapörf aðildarfyrirtækja sinna á næstu misserum. Niðurstaðan er skýr. Á ýmsum sviðum vilja fyrirtækin ráða fólk mun hraðar en þau geta fundið mannskap til. Um þessar mundir vantar fyrirtæki af ýmsu tagi til að mynda sárlega fólk með margs konar verklega og akademíska tæknimenntun.

Í slíku misvægi er eðlilegt að litið sé til menntakerfisins og spurt: Hvers vegna situr fjöldi auðum höndum á sama tíma og ekki finnst fólk með þá menntun sem leitað er að? Það undrar engan að niðurskurður opinberra útgjalda skuli ná til menntamála, sem og flestra annarra þátta. En sú tilraun til ráðdeildar hefur víða komið óhyggilega niður því að einmitt þær greinar, sem atvinnulífið óskar eftir, heyja ströngustu varnarbaráttuna. Bilið, sem nú er milli þarfa atvinnulífsins og nýliðunar menntakerfisins, mun næstu árin festa í sessi hið hrópandi misvægi í atvinnumálum landsmanna, verði ekkert að gert.

Sem betur fer er þó margt hægt að gera til úrbóta. Samtök iðnaðarins hafa unnið með Vinnuálagstafnun, háskólunum og stjórnvöldum að því undanfarna mánuði, að beina nokkrum fjölda úr

aðgerða- og atvinnuleysi yfir í þær námsgreinar sem atvinnulífið kallar á. Einnig höfum við lagt lið sérstöku átaki sem er í bígerð á vettvangi Alþingis og Stjórnarráðsins. Það leiðir vonandi til þess að menntastofnanir hafi burði til að leysa úr læðingi þann mannauð sem fyrirtæki leita að.

Fyrst og síðast er það þó langtíma-hugsunin í samspili atvinnulífs og menntakerfis sem öllu skiptir. Ég er þeirrar skoðunar að undirbúningurinn hefjist þegar í grunnskóla. Tendra þarf nýsköpunar- og frumkvæðishugsunina strax hjá börnum og unglingum. Sá sparnaður, sem nú fer fram í grunnskólum landsins, kemur helst niður á frumkvæðlastarfi, tæknihugsun og skapandi hvatningu. Við bætist að nýbakaðir gagnfræðingar standa frammi fyrir mun erfiðara vali um næstu skref en vera þyrfti. Fimmtán ára unglingur virðist geta kosið að fara í verklegt nám, iðnám en á þá einungis kost á að bæta námi við sig síðar á því sama sviði. Hinn kosturinn, sem blasir við, er bóklegur framhaldsskóli sem getur síðar opnað dyr til háskólanáms. Þessi skörpu skil, raunveruleg og ímynduð, leiða til þess að iðnám er leið sem of fáir vilja taka áhættuna af að fara. Óttinn er ekki síst sá að iðnnám kunni að hindra aðgang iðnmenntaðra að háskólanámi síðar meir.

Mun fleiri hefja því framhaldsskólanám en eiga þangað erindi eða hafa á því raunverulegan áhuga þá stundina. Sú skekkja getur svo af sér hátt brottfall úr framhaldsskóla. Margir brottfallinna hefðu notið sín mun betur í verklegum greinum og praktískri iðntækni á framhaldsskólaárum en í bóklegu námi.

En raunveruleikinn er hreint ekki sá að hin verklega leið komi í veg fyrir að hægt sé að nema akademíska grein síðar meir þótt girðingarnar virðist enn of háar. Samtök iðnaðarins eiga ríkan þátt í rekstri Tækniskólans og þau eru líka stolt af aðild sinni að iðnbrautum víða um land. Þessar stofnanir hafa reynt ráðagóðar og drjúgar við erfiðar aðstæður undanfarið. Framundan er áhersla á síaukna samþættingu námsframboðs iðn-

og tæknináms við háskólastigið. Háskólinn í Reykjavík er í æ ríkari mæli tækniháskóli en viðskiptaháskóli. Háskóli Íslands á 100 ára afmæli í ár og hefur sett sér raunhæf markmið til næstu ára. Allar krosstengingar skólakerfisins þarf að opna enn betur og gera sýnilegri.

Markmiðið er ekki flókið. Atvinnulífið, menntakerfið og stjórnvöld þurfa að binda menntakerfi og atvinnulíf traustum böndum til framtíðar. Fyrirtækin þurfa starfsfólk við hæfi og fólk þarf störf við hæfi. Samtök iðnaðarins bjóða fram krafta sína við þann þrjónaskap.

Breytingar hjá SI

Þegar iðnaðarmálagjald var afnumið urðu miklar breytingar á tekjuöflun SI. Undanfarin misseri hefur verið unnið að hagræðingu til mæta breyttum aðstæðum.

Um síðustu mánaðamót létu þrír starfsmenn SI af störfum og nýtt skipurit tók gildi.

Starfsmenn SI eru nú fimmtán. Þrátt fyrir þessar breytingar verður síst dregið úr starfsemi og þjónustu Samtaka iðnaðarins og þess verður gætt að fækkun starfsmanna bitni ekki á félagsmönnum eða því starfi sem fram fer á vegum samtakanna. Þvert á móti er ætlunin að efla og bæta þjónustuna en með minni tilkostnaði í mannahaldi og skrifstofurekstri.

Þeir starfsmenn sem létu af störfum eru Haraldur Dean Nelson, forstöðumaður upplýsingatækni og prentsviðs, Ingi Bogi Bogason, forstöðumaður menntunar og mannauðs, og Þóra Guðmundsdóttir í móttöku.

Samtök iðnaðarins þakka þeim vel unnin störf og óska þeim gæfu og velfarnaðar í framtíðinni.

Í framboði til stjórnar SI

Kosið er til almennrar stjórnarsetu til tveggja ára í senn. Í ár er kosið um fjögur sæti auk formanns-
sætis. Íslenskur iðnaður spurði frambjóðendur um áhugamál þeirra auk þess að grennslast fyrir um
ástæðu þess að viðkomandi býður sig fram til stjórnar Samtaka iðnaðarins.



Til formanns SI

Helgi Magnússon

f. 14. janúar 1949

Formaður Samtaka iðnaðarins



Andri Þór Guðmundsson

f. 24. september 1966, Öl. Egill Skallagrímsson ehf.

Ég vil hafa áhrif á gang mála hjá SI. Ég tel að starfið megi gera markvissara. Rödd iðnaðarins þarf að heyrast hátt og skýrt og starfsumhverfi þarf að bæta sérstaklega með tilliti til vaxtastigs og gjaldmiðils. **Áhugamál:** þau eiga það sammerkt að snúast um útiveru og eru helst fjallganga, golf, veiði og skíði.



Halldór Einarsson

f. 23. desember 1947, Henson.

Ég hef notið þeirrar ánægju að reka iðnfyrirtækið HENSON í yfir fjörutíu ár þar sem hráefni er umbreytt í söluvöru. Hver dagur er áskorun og vöruþróun stöðug og spennandi. Með framboði mínu til stjórnar SI vil ég miðla viðhorfum þeirra sem starfa í meðalstóru fyrirtæki á opnum markaði. Að undanfögnu hefur mikil áhersla verið lögð á fjárfestingar í stóriðju en menn gleyma því gjarnan að 95% fyrirtækja eru lítil og meðalstór. Innan slíkra fyrirtækja eru nýsköpun, fjárfestingar og ný störf sá slagkraftur sem atvinnullífið þarf á að halda. **Áhugamál:** Vinnan, íþróttir, listmálun og tónlist.



Hilmar V. Pétursson

f. 14. júlí 1973, CCP hf.

Í gegnum störf mín hjá CCP í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi hef ég kynnst þeim leiðum sem aðrar þjóðir hafa farið til að ýta undir sprotaiðnað og hvetja til nýsköpunar. Síðustu 6 ár hef ég komið að starfi Samtaka iðnaðarins á margvíslegan hátt. Ég hef setið í stjórn fyrirtækja á sviði upplýsingatækni, starfað með sprotafyrirtækjum, er formaður SUT og komið að stofnun Samtaka leikjafyrirtækja innan SI. Þessi ár hafa verið lærdómsrík og mér hefur þótt gefandi að miðla þeirri þekkingu sem ég hef öðlast hjá CCP. Nú langar mig að taka næsta skref og bjóða fram krafta mína í stjórn SI.

Áhugamál: Tölvuleikir, ljósmyndun og stangveiði.



Kolbeinn Kristinsson

f. 30. desember 1953, Ístak hf.

Ég tel mjög brynt að íslenskur iðnaður taki forystu í þjóðfélagsumræðunni og beiti sér af krafti í endurreisninni. Ég er málsvari þess að koma af stað atvinnuskapandi og arðbærum verkefnum, jafnt smáum sem stórum, með aðkomu innlendra og erlendra fjárfesta. Íslenskum iðnaði þarf að tryggja jafnara og samkeppnishæfara starfsumhverfi í alþjóðlegum samamburði. Þá vil ég stuðla enn frekar að heilbrigðara starfsumhverfi fyrir mannvirkjagerð hér á landi, öllum til heilla. Að síðustu tel ég mikilvægt að samtök okkar hafi forystu í að efla tæknimenntun og rannsóknir hér á landi.

Áhugamál: Mannvirkjagerð, menntamál og allt sem fær blóðið til að renna.



Guðrún Hafsteinsdóttir

f. 9. febrúar 1970, markaðsstjóri Kjörís ehf.

Ég hef setið í stjórn Kjöríss ehf. síðan 1993. Ég hef fylgst með íslenskri matvælaframleiðslu frá unga aldri og þeim breytingum og þróun sem orðið hafa í þeirri grein íslensks iðnaðar. Alla tíð hefur framleiðsla hvers konar vakið sérstakan áhuga minn enda tel ég að atburðir síðustu ára hafi fært okkur heim sanninn um að innlend framleiðsla og iðnaður skipta sköpum fyrir íslenskt samfélag. Ég eins og aðrir Íslendingar er afar stolt af fyrirtækjunum sem starfa á því sviði. Ég vil sjá íslenskan iðnað vaxa og eflast í sátt við umhverfi sitt og samfélag. Til þess að svo geti orðið þarf að standa vörð um hagsmuni íslensks iðnaðar og gæta þess að íslensk fyrirtæki starfi á jafnréttisgrunni óháð búsetu. Með framboði mínu býðst ég til þess að taka þátt í eflingu íslensks iðnaðar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.



Tómas Már Sigurðsson

f. 1. febrúar 1968, Alcoa Fjarðaál.

Ég hef allíð allan minn starfsaldur í iðnaði og hef mikinn áhuga á hagsmunamálum iðnaðar, umhverfi til nýsköpunar og vaxtar. Það er afar mikilvægt að við stöndum öflug saman á tímum mikilla hremminga. Við þurfum að beina kröftum okkar að því að byggja upp til framtíðar og hlúa að undirstöðum, menntun og auðlindum. Ég hef þegar verið 2 ár í stjórn SI en tel að mikið verk sé framundan við að tryggja stöðu fyrirtækja í landinu og byggja upp grunninn til framtíðar. **Áhugamálin** eru mjög mörg en snúast flest um að eiga góðar samverustundir með fjölskyldunni við útiveru eins og skíði, veiðar og golf.

Lífseig en röng söguskýring um stóriðju og efnahagshrunið

Sú söguskýring að stóriðjuframkvæmdir hafi á árunum 2004-2008 vegið þungt í efnahagshruninu og átt stóran þátt í að skapa hið mikla efnahagslega misvægi á sama tíma er lífsseig. Hún stenst hins vegar enga skoðun. Þvert á móti má færa sterk rök fyrir því að umrædd uppbygging hafi vegið umtalsvert upp á móti þeim almenna samdrætti sem verið hefur í íslensku efnahagslífi undangengin þrjú ár. Fjárfesting vegna Kárahnjúkavirkjunar og byggingar álvers í Reyðarfirði nam tæpum 300 milljörðum á árunum 2005-2008. Þetta nemur um 8% af landsframleiðslu. Sú aukna eftirspurn var með öllu fyrirsjáanleg og varð raunar minni fyrir íslenskt efnahagslíf þar sem vægi erlendis vinnuafli í framkvæmdunum varð mun meira en upphaflega var búist við. Fjárfesting í stóriðju á árunum 2004-2007, sem nú skila mikilvægum útflutningstekjum, eru dropi í hafið miðað við ævintýrlega fjáraustur í fjármálakerfinu og skammsýni í ríkisfjármálum.

Dropi í hafið

Við upphaf þensluskeiðsins árið 2004 var ákveðið að lækka tekjuskatt um þrjú prósentustig á árunum 2005-2007 á sama tíma og brýnt var að draga úr eftirspurn. Bankarnir voru einkavæddir og stjórnvöld ákváðu að rýmka mjög útlánaheimildir Íbúðalánasjóðs. Bindi-skylda bankanna var um svipað leyti lækkuð úr 4% í 2% sem jók mjög á getu þeirra til að útlána. Frá 2004 til 2007 jukust útlán til heimilanna í landinu um 761 milljarð. Markaðsverð húsnaðis á þessu tímabili hækkaði um 85%. Aukning útlána til fyrirtækja og eignarhaldsfélaga var miklu meiri eða 2.580 milljarðar króna.

Á árunum 2004-2007 hækkaði markaðsverðmæti skráðra hlutabréfa í Kauphöll Íslands um 2.497 milljarða á föstu verðlagi ársins 2009 og þar vógu stóru bankarnir mjög þungt. Í árslok 2003 var verðmæti skráðra hlutabréfa um 46,7% af landsframleiðslu en fór í 210% árið 2007. Auðsáhrif vegna hækkanði hlutabréfa- og húsnaðisverðs voru gífurleg. Þau hvöttu til óhóflegrar neyslu og lántöku sem engan veginn fékkst staðist á sama tíma og ráðstöfunartekjur jukust hratt og krónan styrktist.

Seðlabankinn reyndi að berjast gegn

Þorsteinn Víglundsson
framkvæmdastjóri Samáls

Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur SI



þenslunni af veikum mætti með hækkun vaxta. Það hafði þveröfug áhrif þar sem einu áhrifin urðu þau að gengi krónunnar styrktist. Afleiðingin varð enn meiri erlend skuldaför og neysla – efnahagslega ójafnvægið jókst enn frekar. Allt gerist þetta á sama tíma og vextir í heiminum eru í lágmarki og mikið framboð af lausu fé rataði hingað. Ytri aðstæður lögðust þannig einnig á árárnar við að spenna upp íslenska hagkerfið. Leiðrétting varð óhjákvæmileg en vissulega óraði engan fyrir því hversu sársaukafull sú leiðrétting yrði. Þótt fjárfestingar í stóriðju á þessu tímabili hafi verið miklar voru þær, hvernig sem á það er lítið, aðeins sáralítt hluti af heildinni. Ekki verður dregin önnur ályktun en að alvarlegur efnahagsskellur hefði dunið á okkur þótt ekki hefði verið ráðist í stóriðjuframkvæmdir.

Fjárfesting í stóriðju skilað miklum ávinningi

Undanfarnir misseri höfum við séð áhrif stóriðju fjárfestingar árunum 2003-2008 með áþreifanlegum hætti. Útflutningstekjur þjóðarinnar vegna áliðnaðar hafa aukist um 180 milljarða króna frá árinu 2003 og náðu um 220 milljörðum króna á síðasta ári. Hreinar gjaldeyristekjur þjóðarinnar vegna áliðnaðar námu rúmum 100 milljörðum króna á síðasta ári. Þar að auki hefur útflutningsverðmæti járnblendis og aflþynna aukist um u.þ.b. 14 milljarða króna. Útflutningsverðmæti stóriðju hefur því aukist um nærri 200 milljarða króna á ári frá 2003.

Á sama tímabili hefur vöruskiptajöfnuður þjóðarinnar tekið stakkaskiptum. Árið 2003 var 17 milljarða króna halli af vöruskiptum við útlönd. Þá hafði verið viðvarandi halli af vöruskiptum undangengin 7 ár að einu ári undanskildu. Á síðasta ári er áætlað að afgangur af

vöruskiptum nemi um 120 milljörðum króna og þar nemur hlutur áliðnaðar, sem fyrr segir, um 100 milljörðum króna.

Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar var í sögulegu hámarki árið 2009, en það ár var 13% af landsframleiðslunni tilkomin vegna afgangar af viðskiptum við útlönd. Á undanförunum 30 árum hafði það áður mest numið liðlega 5%. Ætla má að þetta hlutfall verði enn hærra vegna ársins 2010.

Tekjur orkufyrirtækja hafa á sama tíma vaxið mjög og námu liðlega 80 milljörðum króna árið 2009 samanborið við um 35 milljarða króna árið 2003. Eigið fé orkufyrirtækjanna hefur einnig styrkst verulega en á undanförunum 10 árum hefur það aukist um 220 milljarða króna og nam liðlega 300 milljörðum um mitt síðasta ár.

Eitt af helstu vandamálum íslensks efnahagslífs nú er lítil fjárfesting í atvinnulífinu. Horfur eru hins vegar jákvæðar hvað varðar fjárfestingu í stóriðju á komandi árum. Má þar nefna nýtt álver í Helgúvík, straumhækkun og nýsköpun í álverinu í Straumsvík og kersmiðju Alcoa á Reyðarfirði, auk mögulegra framkvæmda á Norðurlandi. Heildarfjárfesting að virkjanafjárfestingum meðtöldum er áætluð um 500 milljarðar króna á næstu 5-6 árum. Miðað við núverandi álverð mun þessi fjárfesting auka útflutningsverðmæti þjóðarinnar um 110 milljarða króna á ári hverju og bæta vöruskiptajöfnuð um u.þ.b. 50 milljarða á ári.

Af framangreindu má sjá hversu fjarstædukennt það er að kenna framkvæmdum við stóriðju um hrun í íslensku efnahagslífi. Þvert á móti gegnir þessi fjárfesting nú lykilhlutverki í því að vinna okkur út úr þeirri kreppu sem við nú erum stödd í.

Menntadagur iðnaðarins

framhald af forsiðu

Orrí Hauksson, framkvæmdastjóri SI, fjallaði m.a. um nauðsyn langtímahugsunar varðandi samvinnu atvinnulífs og menntakerfis. Hann taldi að huga þyrfti að því hvers konar menntun og hæfni atvinnulífið þyrfti á að halda nú og í framtíðinni og ennfremur hvernig við getum byggt upp menntakerfið svo að hér skapist hálaun- uð störf og hér verði eftirsóknarvert að búa.



Menntamálaráðherra, **Katrín Jakobsdóttir**, sagði að mikill niðurskurður gerði erfitt um vik að standa undir kröfum um gæði og þróun menntakerfisins. Hins vegar væri unnið að því að leita nýrra lausna. Katrín tók undir sjónarmið SI um að hægt væri að bæta þjónustuna fyrir minna fé og lýsti yfir ánægju með samstarf við Samtökin en tjáði sig að öðru leyti ekki formlega um tillögu SI um klasasamstarf á sviði menntunar.



Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar hjá SI, kynnti niðurstöður könnunar um þörf iðnaðarins fyrir menntað fólk. Könnunina gerði Capacent fyrir SI í janúar. Hún leiddi m.a. í ljós að fyrirtækin hafa þörf fyrir fleira starfsfólk en nú er og að skortur er á fólki með verk- ið- og tæknimenntun.



Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor við HÍ, fjallaði um hlutverk menntunar við myndun klasa og þekkingarkjarna með hliðsjón af kenningum Michaels Porters.



Ólafur Andri Ragnarsson einn stofnenda Betware og aðjúnkt við HR gerði í erindi sínu grein fyrir leikjaiðnaðinum á Íslandi og hvernig leikjamening hefur þróast í heiminum. Hann sagði m.a. að hinn stafræni netheimur væri hluti af uppvextinum og netkynslóðin sækti í skemmtun og spil í námi, leik og starfi. Þess vegna ætti að nýta leikjahugmyndafræðina á öllum þessum sviðum. Þá



sagði hann frá samstarfi HR og IGI sem felst í að HR býður Leikjalínu í tölvunarfræðum þar sem áhersla er lögð á námsgreinar sem tengjast leikjum og leikjagerð og sérfræðingar úr ýmsum fyrirtækjum innan IGI kenna.



Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, sagði frá áherslum stofnunarinnar í úrræðum fyrir atvinnulausa en þær miða að því að auka færni þeirra í hugbúnaðar- og tæknigreinum. Eitt þeirra er samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar, Samtaka iðnaðarins og háskóla sem lýtur að því að gefa fólki á atvinnuleysissskrá kost á að skrá sig í iðn -verk eða tækninám.



Ingunn Sæmundsdóttir frá Tækni- og verkfræðideild HR sagði frá námskeiði sem HR þróaði í þessu samstarfi til að freista þess að laða atvinnuleitendur í tækninám á háskólastigi. Námskeiðið er þrjúþætt og leggur áherslu á sjálfstyrkingu, að vekja áhuga á tækni- og raungreinum og loks að bjóða undirbúningsnám eftir þörfum.



Anna Þóra Ísfeld, framkvæmdastjóri Nýsköpunarkeppni grunnskólanema, fjallaði um nýsköpunarment í grunnskólum landsins, reglugerðir og fram-

gang. Hún sagði m.a. að þótt kveðið væri á um nýsköpunarment í Námskrá hefði slík kennsla ekki komist í fastar skorður heldur væri mælt með að skólastjórnendur annaðhvort samþætti kennsluna við tíma annarra greina eða nýttu eigin ráðstöfunartíma eins og þemadaga eða aðrar vinnulotur. Afleiðingin væri sú að nýsköpunarment væri kennd með formlegum hætti í mjög fáum grunnskólum. Síðasta erindi þingsins hélt **Eva Huld Friðriksdóttir**, arkitekt og kennari við Fjölbrotarskólann í Breiðholti. Hún sagði frá tilraunaáfangi sem kenndur var í FB, Tækniskólanum og Ístaki í sumar og heitir „Nýsköpunarment og atvinnulíf í grenndarsamfélagi.“ Þetta var samstarfsverkefni Iðnaðarráðuneytisins, Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Samtaka iðnaðarins, Nýsköpunarmiðstöðvar, valinna fyrirtækja og framhaldsskóla. Eva Huld lýsti undirbúningsferlinu, framkvæmd og kennslu áfangans sem hún sagði að hefði tekist einstaklega vel. Fundarstjóri var



Þorsteinn Víglundsson, formaður IÐUNNAR.



Markaðssókn í Kanada

SagaMedica-Heilsujurtir ehf. hlaut nýverið veglegan Brúarstyrk frá Tækniþróunarsjóði til að markaðssetja náttúruvöruna SagaPro í Kanada. Styrkurinn varð til þess að nú fer íslensk náttúruvara í fyrsta sinn í landsdreifingu á Kanadamarkaði.

SagaMedica framleiðir vöruna SagaPro sem notuð er til að draga úr tíðni næturþvagláta. Varan er unnin úr íslenskri ætíhvönn sem sýnt hefur verið fram á að innihaldi lífvirk efni sem geta gagnast til að draga úr fjölda salernisferða á nóttunni en það er algengt vandamál hjá fólki af báðum kynjum. Klínísk rannsókn er nú á lokastigum framkvæmdar en þetta er í fyrsta sinn sem íslensk náttúruvara er rannsökuð á slíkan hátt.

Perla Björk Egilsdóttir segir styrkinn skipta miklu máli. „Við erum gríðarlega þakklát fyrir stuðning Tækniþróunarsjóðs á þessu verkefni. Með markaðssetningu í Kanada stígum við geysistört skref fram á við sem mun gagnast okkur og íslensku atvinnulífi til framtíðar. Sjóðurinn hefur áður stutt við rannsóknarstarf okkar og það er dýrmætt að fá stuðning svo að fylgja megi eftir fyrri verkefnum með öflugri markaðssetningu á þeim vörum sem við höfum þróað á liðnum áratug.“



Íslenskt hugvit fyrst á markað

Íslenska sprotafyrirtækið MindGames ehf. varð í desember fyrst í heiminum til að selja iPhone forrit (e. app) sem nýtir hugarorku notandans og nefnist það Tug of Mind. Leikurinn var fyrst kynntur á alþjóðlegri leikjaráðstefnu í San Francisco á síðasta ári við mjög góðar undirtektir og er frekari þróun fyrirhuguð. Í sama mánuði hlaut fyrirtækið styrki frá Tækniþróunarsjóði og Iðnaðarráðuneytinu ásamt tilnefningu til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands. Sú tilnefning tengist fyrsta fjölspilunar-tölvuleiknum á Facebook sem stjórnar er með hugarafninu einu saman og nefnist „Gods and Mortals.“ Ýmis verkefni eru í þróun hjá MindGames, sem hyggur á frekari vöxt og leitar að spennandi samstarfsaðilum.

MindGames er alþjóðlegur frumkvöðull, sem þroskaðist gegnum Gullegg Innovit, sprotaumhverfi Hugmyndahússins og stuðningskerfi Viðskiptasmiðjunnar/Klaks. Fyrirtækið starfar undir mottóinu „Change your mind, transform reality“ og framleiðir m.a. svokallaða „Mind Training“ leiki eða heilastýrða hugþjálfunartölvuleiki. Með aðstoð Samtaka tölvuleikjaframleiðenda og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, meðal annarra, hefur fyrirtækið skapað sér sess innan hóps nýrra sprotafyrirtækja sem fundu hvata til stórsóknar í efnahagsþrengingum síðustu ára og eru reiðubúin í slaginn á alþjóðlegum mörkuðum.



DataMarket

DataMarket miðlar alþjóðlegum gögnum

Data Market hefur hafið miðlun á alþjóðlegum gögnum á datamarket.com. Þar geta notendur nú nálgast á einum stað gögn frá mörgum af mikilvægustu gagnaveitum heims svo sem aðilum á borð við Sameinuðu þjóðirnar, Alþjóðabankann og Eurostat.

Fyrirtækið hefur boðið sambærilega þjónustu með íslenskum gögnum síðan í maí 2010. Sá rekstur hefur skilað mikilvægri reynslu og möguleikum til að prófa hugmyndir, tækni og þjónustuframboð.

Íslensku gögnin eru öll aðgengileg áfram á DataMarket.com, en fyrir þá sem vilja einskorða sig við Ísland og íslenskt viðmót hefur gagnatorgið öðlast sjálfstætt líf á sinni eigin slóð. Meiri og stærri fréttar er að vænta af því innan skamms en verið er að undirbúa stórauðna þjónustu og framboð á gögnum um Ísland. Á DataMarket.com, er að finna meira en 13.000 gagnasett sem innihalda næstum 100 milljónir tímaraða um næstum hvað sem er.

Samtökin innleiða IP – símalausn frá Skýrr



Samtökin í Húsi atvinnulífsins að Borgartúni 35 hafa undirritað rammasamning við Skýrr um innleiðingu á símalausn fyrir húsið. Símalausnin byggist á IP-tækni sem sameinar síma- og tölvuumhverfi fyrirtækja og stofnana. IP-símalausn Skýrr kemur frá alþjóðlega fjarskiptafyrirtækinu BroadSoft og sameinar kröfur um áreiðanleika og uppítíma. BroadSoft er stærsta fyrirtæki veraldar á sínu sviði.



Þjónustusamningur mennta- og menningarmálaráðuneytis og IÐUNNAR

Hinn 28. janúar undirrituðu Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra og Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri, IÐUNNAR, þjónustusamning milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og IÐUNNAR fræðsluseturs. Samningurinn tekur til umsýslu sveinsprófa, skráningar og eftirlits með samningum um vinnustaðanám auk framkvæmdar annarra lokaprófa svo sem fagprófa í iðngreinum.

Verðlaunahátíð Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík



Föngulegur hópur nýsveina með forsetahjónunum

Verðlaunahátíð Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til heiðurs iðngreinunum og nýsveinum sem lokið hafa sveinsprófi með afburðaárangri fór fram í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur laugardaginn 5. febrúar að viðstöddu fjölmenni auk forseta Íslands, ráðherrum mennta og iðnaðar og borgarstjóranum í Reykjavík.

Dóra Guðbjört Jónsdóttir gullsmiður í Gullkistunni við Frakkastíg var valin Iðnaðarmaður ársins 2011 fyrir ómetanlegt starf í þágu gullsmíðagreininnar.

Á hátíðinni voru enn fremur heiðraðir 21 nýsveinar úr 13 löggiltum iðngreinum og frá 8 verkmenntaskólum á landsvísu auk þess sem meistarar þeirra fengu sérstakt viðurkenningarskjal.

Dóra á að baki langan og giftusamlegan feril sem gullsmiður. Hún nam gullsmíði hjá föður sínum, lauk sveinsprófi 1954 og stundaði nám í Svíþjóð og Þýskalandi. Auk fjölmargra starfa fyrir Félag íslenskra gullsmíða þar sem hún gegndi formennsku fyrst kvenna hefur Dóra staðið fyrir mörgum framfaramálum sem tengjast iðngreininni. Dóra hlaut nýverið þakkarviðurkenningu atvinnu-mála kvenna og var sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag

Eftirtaldir sveinar fengu silfurverðlaun:

Arinbjörn Sigurðsson málari, Ásgeir Ingi Óskarsson vélvirki, Áspór Sigurgeirsson vélvirki, Birkir Örn Arnarson húsasmiður, Bjarni Kjartansson rafeindavirki, Friðrik Óli Atlason rafvirki, Gísli Gunnar Pétursson rafvirki, Ívar Grétarsson pípulagn-ingamaður, Jónas Rúnar Guðmundsson rennismiður, Kristþór Ragnarsson múrsmiður, Ólafur Egill Ólafsson rafeindavirki, Rúnar Ólafsson húsasmiður, Skúli Már Sigurðsson húsasmiður, Svavar Egill Sölvason veggfóðrari og dúkklagningamaður og Ylfa Helgadóttir matreiðsluveinn.

Eftirtaldir sveinar fengu bronsverðlaun:

Anna Lilja Sigurðardóttir snyrtifræðingur, Birgir Axelsson skrudgarðyrkjumaður, Erlendur Þór Ólafsson húsasmiður, Katrín Björgvinsdóttir hársnyrtisveinn, Ólafur Börkur Guðmundsson húsasmiður og Sverrir Kári Karlsson húsasmiður.

Í tilefni af Ári nýsköpunar fengu fyrirtækið Víkurprjón og hönnunarhópurinn Vík Þrjónsdóttir sérstök nýsköpunarverðlaun Iðnaðarmannafélagsins, en þau eru veitt einstaklingi, hönnuði eða fyrirtæki sem hefur sýnt sérstakt nýsköpunarfrumkvæði með því að hanna eða láta hanna vöru og setja hana í framleiðslu og sölu.



Dóra Einarsdóttir iðnaðarmaður ársins, handhafi riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu og borgarstjórin í Reykjavík, Jón Gnarr

sitt til þjóðlegrar gull- og silfursmíði en hún er þekkt fyrir smíði sína á víravirki og þjóðbúningaskarti.

Sigurður M. Guðjónsson sigraði í keppninni um Köku ársins 2011



Jóhannes Felixson formaður LABAK, Sigurður M. Guðjónsson, Bernhöftsbakaríi og Árni Þór Árnason hjá Mjólkursamsölunni sem sat í dómnefnd

Keppnin í ár var haldin í samstarfi við Mjólkursamsöluna.

Alls bárust 16 kökur í keppnina í ár. Sigurkakan er samsett úr mörgum lögum, þ.á.m. eru franskur kexbotn, skyrfrauð, hindberjamauk og möndlubotn. Kakan er hjúpuð með hvítum súkkulaðihjúp og skreytt með makkarónukökum. Höfundur hennar er Sigurður M. Guðjónsson hjá Bernhöftsbakaríi.

Sala á kökunni hefst í bakaríum félagsmanna LABAK um allt land um konudagshelgina og verður til sölu það sem eftir er ársins.

Landssamband bakameistara efndi nýlega til árlegrar keppni um Köku ársins. Keppnin fer þannig fram að keppendur skila inn tilbúnum kökum sem dómarmar meta og velja úr þá sem þykir sameina þá kosti að vera bragðgóð, falleg og líkleg til að falla sem flestum í geð og hlýtur hún titilinn Kaka ársins.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
02. tbl. 17. árg. Febrúar 2011
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmíðju: 18.02.2011
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Bjarkarás
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson
Ritstjóri: Rakel Pálsdóttir
Prófaralestur: Rakel Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Nýir félagsmenn

Rafhitun ehf.
Kaplakrauni 7a
220 Hafnarfirði

Pizza Pizza ehf.
Lóuhólum 2-6
111 Reykjavík

Krumma ehf.
Gylfaflöt 7
112 Reykjavík

PV Hugbúnaður
Ásvallagata 24
101 Reykjavík

ValaMed
Vatnagarðar 18
104 Reykjavík

EMR Heilbrigðislausnir
Borgartúni 37
105 Reykjavík

Arctic Sequentia ehf.
Blönduhlíð 17
105 Reykjavík

Orf Líftækni 10 ára

Kaldar kveðjur frá alþingismönnum á afmælinu



Myndin er tekin við víslu hátæknigróðurhússins Grænu smiðjunnar 2008

ORF Líftækni hf. varð 10 tíu ára 1. febrúar. Fyrirtækið var stofnað til að til að próa nýstárlega aðferð við framleiðslu verðmætra, sérvirkra próteina í erfðabreyttu byggi.

Tímamótum verður fagnað með ýmsum hætti á afmælisárinu. Meðal annars verður haldið málþing um þýðingu erfðatækni í landbúnaði og almenningi verður boðið að heimsækja fyrirtækið og kynna sér þau vísindi sem liggja að baki starfsemi þess.

ORF Líftækni hefur vaxið hratt undanfarið. Nú starfa um 40 manns hjá fyrirtækinu, þar af 7 manns í hátæknigróðurhúsinu Grænu smiðjunni í Grindavík.

Áætlanir gera ráð fyrir miklum vexti fyrirtækisins á næstu árum, meðal annars með frekari gróðurhúsaræktun og uppbyggingu á grænum úrvinnsluiðnaði í tengslum við akuryrkju. Í byrjun árs 2013 er gert ráð fyrir því að starfsmenn ORF Líftækni verði orðnir yfir eitt hundað talsins. Viðræður við áhugasama byggbændur um umfangsmikla akuryrkju eru komnar vel á veg og stefnt er að ræktun í gróðurhúsum í Borgarfirði og á Egils-

stöðum í sumar, auk starfseminnar á Suðurnesjum.

Frekari vöxtur fyrirtækisins á næstu árum er þó háður því að laga- og reglugerðarumhverfi fyrir ræktun og framleiðslu fyrirtækisins verði sambærilegt því sem gerist í nágrennalöndunum. Það er alls ekki tryggt, eins og til dæmis má merkja af köldum kveðjum sem fyrirtækinu bárust frá Alþingi á afmælinu. Átta þingmenn, þar á meðal formaður umhverfisnefndar Alþingis og formaður og varaformaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, lögðu fram þingsályktunartillögu um að útiræktun á erfðabreyttum lífverum verði bönnuð. Yrði tillagan samþykkt kæmi hún í veg fyrir framangreindar áætlanir fyrirtækisins um akuryrkju og nýsköpun í grænum iðnaði á landsbyggðinni.

37 vísindamenn frá níu rannsóknarstofnunum sendu í kjölfarið bréf til Alþingis þar sem þingsályktunartillagan er harðlega gagnrýnd. Í bréfinu er tillaga þingmannanna sögð full af rangfærslum og lýsa algjörrri vanþekkingu þeirra á málaflokknum.

Bryndís Skúladóttir hjá Samtökum iðnaðarins tekur í sama streng. Ströng löggjöf gildi um starfsemi á þessu sviði og vísindalegt mat liggi fyrir áður en starfsemi er leyfð. Áhættan sé því metin í hverju tilviki fyrir sig.

Vísindamennirnir starfa hjá Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Háskólan á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hólaskóla, Mátis, Matvælastofnun, Biopol og Íslenskri erfðagreiningu. Enginn þeirra vinnur að rannsóknum sem miða að því að sleppa erfðabreyttum lífverum út í umhverfið og enginn þeirra á beinna hagsmuna að gæta.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is. Hvetjum

félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is.